

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 5. desember 2005

Efni: Þingsáttill. um aðg. til að auka hlut kvenna í sveitastj. (34. mál).

Viðskiptaráð Íslands þakkar nefndinni það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Tillagan gerir ráð fyrir að hleypt verði af stökkunum aðgerðum til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum.

Þess er ekki getið hvers konar aðgerðir átt er við. Gæti slíkt falist í aðgerðum allt frá auglýsingaherferð til lagasetningar, t.d. um sérstaka kynjakvóta. Það eina sem virðist víst í tillögunni er það að fjárframlög þurfi að aukast. Í greinargerð með tillögunni er fullyrt að skipan nefndar fyrir nokkrum árum síðan hafi meðal annarra orðið til þess að hlutur kvenna jókst um 10% í alþingiskosningum árið 1999. Eru þessar fullyrðingar rakalausar og má draga í efa að þær séu réttmætar. Þróunin er sú að hlutfall karla og kvenna í ýmsum geirum er að jafnast og er ólíklegt að slík þróun sé afrakstur opinberrar nefndar, eða annarra afskipta af hálfu hins opinbera.

Þótt æskilegt geti talist að hlutfall kvenna og karla í sveitarstjórnnum sé sem jafnast er ekki þar með sagt að þörf sé á opinberum afskiptum eða fjáraustri. Verkefni af þeim toga sem nefnd eru í tillögunni ættu að vera fjármögnuð af samtökum og öðrum sem kjósa að ljá slíkum málstað lið. Óréttlátt er að neyða skattgreiðendur til að fjármagna slík verkefni.

Viðskiptaráð leggst því gegn því að tillagan nái fram að ganga.

f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson